Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2022

# HÖTE3HA05

## Tauþrykk, búta-og útsaumur

| Kennari: | Guðbjörg Bergsveinsdóttir | Sk.st. | GB |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**

Hannað út frá handverksgreininunum þrem tauþrykk/sólarlitun, útsaumi og bútasaumi. Nemandi tekur afstöðu til persónulegs hönnunarferlis, annað hvort hönnun út frá eigin líkama eða almennri híbýlahönnun. Kynntar verða helstu aðferðir í ofangreindu handverki og nemendur gera a.m.k. eina tilraun með þrykk, handsaum og bútasaum í einni prufu. Í framhaldi af því fer hver og einn sína eigin leið að tilbúinni vöru, ásamt vinnulýsingu og hugmynd að markaðssetningu á henni.

**Undanfari:** Enginn

**Þekkingarviðmið:**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Hugmyndavinnu, þ.e. ferlinu frá gagnasöfnun að tilbúinni, nothæfri afurð
- Undirbúningi verkefna á sviði tauþrykks/sólarlitun, útsaums og bútasaums
- Því að semja og nota verklýsingar
- Að þekkja mismunandi aðferðir við tauþrykk/sólarlitun, útsaum og bútasaum

**Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Skrá hugmyndir
- Vinna með og eftir verklýsingu
- Skilja samband milli hugmyndar, hráefnis, tækni, aðferða og niðurstöðu

**Hæfniviðmið:**
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- **Vinna verkefni frá hugmynd að tilbúnu verki**
- **Fullvinna nytjahlut eða flík frá hugmynd að fullunnu verki**
- **Skila af sér skilmerkilegri hugmyndavinnu og vinnulýsingu svo hægt sé að fara eftir henni síðar**
- **Vinna hönnun sína út frá heild og/eða sögu, t.d. að hanna út frá ákveðnu þema**
- **Skila sér fullunnu verki, ásamt vinnumöppu þar sem myndrænum verkefnum annarinnar eru gerð skil**
- **Viðhafa vönduð vinnubrögð í öllu vinnuferlinu**

**Námsefni:**

Matið byggir á reglulegum skilum á vinumöppu með öllum verkefnum áfangans. Nýting tímans, í skóla og sem heimaverkefni er metin í dagbók hópsins, ásamt vinnuframlagi í sameiginlegri sýningu hópsins seinni part annar. Einskonar leiðsagnarmat viðhaft með samvinnu hvers hóps og kennara hans

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

| Vika nr | Dagsetning | Námsefni - viðfangsefni | Próf og verkefni |
|---|---|---|---|
| 1 | 19. ágúst | Kynning og skipulag<br>Skoðun á tauþrykki/sólarlitun, búta- og útsaum | Möppuvinna hafin<br>Myndræn verkefni X3 |
| 2 - 12<br><br>10 - 14 | 23. ágúst-18. nóv<br><br>28.okt-29.nóv | Gera tilraunir, prufur<br>Undirbúa og framleiða nytjahlut<br><br>Lokafrágangur | Öll verkefni sýnd í vinnumöppu |

**Sérreglur áfangans:**

1. Vinnumappa merkt og myndskreytt í takt við innihald. Mappan sé ávalt til taks á vinnuborði ásamt ritföngum, efnivið og áhöldum verkefna hvers tíma.
2. Innlögn 1 x í viku,  Samráð við kennara um heimaverkefni og persónulegt vinnulag.
3. Öllum verkefnum áfangans séu gerð skil í vinnumöppu jafnóðum.
4. Efnisgjald, kr. 7.000 skal greiðast á skrifstofu skólans sem fyrst. Innifalið í efnisgjaldi er að mestu efni í vinnumöppu, prufur og prufuflík, ásamt afnotum af textíllager og afnot af öllum tækjum, áhöldum og efnivið sem Hönnunardeild FSu. hefur yfir að ráða.

**Fyrirkomulag námsmats:**

| Námsþáttur | Lýsing á námsmati | Vægi |
|---|---|---|
| Símat og leiðsagnarmat í öllum þáttum námsins | Samvinna kennara og nemenda við sameiginlegt matsblað hópsins. Tilraunavinna við gerð leiðsagnarmats. Mæting og virkni.  Vinnulýsingar og notkun þeirra.  Útfærsla á sniðum metin.   Mat á umfangi, frágangi og vinnubrögðum við saum á eigin flík. | 100% |

## Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar